

Tillagan hljóðar svo:

Lagt er til að boðið verði upp á sams konar mat í Ráðhúsinu og í leik- og grunnskólum borgarinnar og tekið mið af matseðlum þeirra.

Greinargerð.

Með því að boðið verði upp á sama matseðil í Ráðhúsinu og í leik- og grunnskólum myndi borgarstjóri geta fylgst með gæðum þessara máltíða og sýnt það í verki að tryggt verði að börnunum standi ávallt til boða hollar og góðar máltíðir. Það gengur ekki upp að það gerist aftur að börnin í leikskólunum fái verri mat en fullorðna fólkið sem borðar í Ráðhúsinu.